

- 7
25. febr. Að ofan bein lína milli efri endapunkta nefndra lína.
Að neðan sjórinn, stórstraumsfjöruborð.
Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.
- 8
25. febr. **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Vík í Mýrdal.**

Með bréfi, dags. 31. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu hreppsnefndar Hvammshrepps, samþykktu af yður f. h. sýslunefndar, viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Vík í Mýrdal, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Vík í Mýrdal sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Frá sjó í urðinni vestur við Reynisfjall, fyrir vestan Bás, með Blánefi allt í Bandastein, þaðan upp í Blánef aftur og síðan beina línu austan í fjallinu upp á Bakkana og allt í Geitlu, þaðan í rafmagnsstífluna í Víkurá (norðan rafstöðvarinnar), síðan með Víkurá allt að Rana, þaðan beina línu í Hjallarof, síðan fram Sker, eftir lægðinni austan kirkjunnar, og loks beina línu af Skerbrúnni til sjávar við útfall Víkurár.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

- 9
30. apríl **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Höfn í Sléttuhreppi.**

Með bréfi, dags. 16. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Höfn í Sléttuhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Höfn í Sléttuhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Að sunnan: Klettur, svonefndur Hamar, sem gengur fram úr brekkunni um 150 metra innan við lendinguna í Höfn, og úr honum bein lína til vesturs.

Að vestan: Lína 100 metra ofan við stórstraumsflæðarmál, meðfram fjalls-
hlíðinni, að takmörkun lóðarinnar að norðan.

Að norðan: Svonefndur Gvendarbrunnur og lækur sá, er rennur þar til sjávar ofan úr fjallinu.